



Reykjavík, 10. desember 2018
1808181/0.5.2.2/jjh

Dreifibréf Embættis landlæknis Nr. 2/2018 Tilmæli sóttvarnalæknis

Efni: Bólusetning heilbrigðisstarfsmanna

Tilgangur þessara tilmæla, sem gefin eru með stoð í sóttvarnalög, er að tryggja heilbrigði heilbrigðisstarfsmanna sjúkrastofnana og öryggi sjúklinga með því að minnka líkur á útbreiðslu farsóttá á sjúkrastofnunum. Það er á ábyrgð hvernar sjúkrastofnunar að hrinda þessum tilmælum sóttvarnalæknis í framkvæmd en kostnaður við framkvæmdina fellur á einstaka sjúkrastofnun nema hvað varðar bólusetningu gegn árlegri influensu (sjá neðar).

Skilgreining á heilbrigðisstarfsmanni í þessum tilmælum er sá einstaklingur sem kemur að umönnun veikra einstaklinga á sjúkrastofnun.

1. Við nýráðningu heilbrigðisstarfsmanna skal tryggja að þeir séu fullbólusettir gegn eftirtöldum sjúkdómum ([sjá yfirlit yfir almennar bólusetningar á Íslandi](#))

- Barnaveiki (Diphtheria)
- Stífkrampi (Tetanus)
- Kikhósti (Pertussis)
- Mænusótt (Polio)
- Mislingar (Morbilli)
- Hettusótt (Parotitis epidemica)
- Rauðir hundar (Rubella)
- Lifrabólga B (Hepatitis B)
- Pneumókokkasýkingar; ein bólusetning fyrir starfsmenn 60 ára og eldri.

Ef viðkomandi er ekki fullbólusettur þá skal bjóða honum bólusetningu samkvæmt ofangreindum leiðbeiningum.

2. Endurmeta skal bólusetningu heilbrigðisstarfsmanna á 10 ára fresti samkvæmt [leiðbeiningum](#) sóttvarnalæknis.

- Endurbólusetja skal heilbrigðisstarfsmenn á 10 ára fresti gegn barnaveiki, stífkampa og kikhósta (dtp). Í dag er á markaði eftirtalið bóluefni til notkunar hjá fullorðnum sem inniheldur ofangreinda mótefnavaka í einni og sömu sprautu: Boostrix®

- Ef í ljós kemur við endurmat bólusetninga að starfsmaður hafi ekki við ráðningu verið fullbólusettur við mislingum, hettusótt, rauðum hundum eða lifrabólgu B skal bjóða honum bólusetningu.
 - Ef í ljós kemur við endurmat bólusetninga að starfsmaður sem náð hefur 60 ára aldri hafi ekki verið bólusettur við pneumókokkasýkingum skal bjóða honum bólusetningu.
3. Mælt er til þess að allir heilbrigðisstarfsmenn séu bólusettir gegn [árlegri influensu](#).
Kostnaður bóluefnisins fellur á sóttvarnalækni.

Sóttvarnalæknir